

Stjórnarfundur Listskreytingasjóðs

Fundur nr. 5/2025

Mánudaginn 20. janúar 2025, kl. 17:00

Austurstræti 5, 101 Reykjavík

Mætt eru:

Kristján Steingrímur Jónsson, formaður, tilnefndur af Menningarmálaráðherra

Karl Kvaran, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands

Ilmur Stefánsdóttir, tilnefnd af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Sigga Björg, tilnefnd af SÍM

Karl Ómarsson, tilnefndur af SÍM

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar


Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarfélags SÍM

Fundargerð:

1. Kynning frá Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur

- Ingibjörg vann sem framkvæmdastjóri Listskreytingasjóðs í tæplega 25 ár meðan sjóðurinn var í umsjó SÍM. Á þeim tíma fór sjóðurinn í gegnum ýmskonar breytingar. Sjóðurinn var stofnaður árið 1982. [Þingskjal 591](#) og lög [34/1982](#). Þá var framlag í sjóðinn eftirfarandi: *Árlegt framlag ríkisins nemur 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum*. Þessu var breytt seinna. Lögin voru uppfærð [1990](#) og [1998](#). [Stofnreglugerð er frá 1992](#).
- Hlutverk sjóðsins er tvískiptur, annars vegar umsjón með sjóði sem stofnanir geta sótt um fjármagn í og hins vegar ráðgjöf við 1% regluna.
- Fyrstu ár Ingibjargar var hægt að senda inn umsóknir allt árið í kring. Stjórn breytti því og ákveðið var auglýsa einu sinni á ári. Þá varð umgjörðin léttari og hægt var að afgreiða umsóknir allar í einu. Á tímabili var töluverð aukning í umsóknum þegar ríkið hóf að leigja rými til lengri tíma fyrir stofnanir. Stundum var sótt um fyrir kaupum á ákveðnum verkum, en oftast var sótt almennt um styrk fyrir listskreytingu. Þá var ráðinn listfræðingur til að ráðleggja við kaupin eða sett saman nefnd af listfræðingum. Stundum endaði valferlið í lítill samkeppni. Oftast voru keypt tilbúin verk en ekki pöntuð verk. Einnig kom það fyrir að stjórnin sendi fulltrúa til stofnanna sem endurraðaði verkum sem voru þegar á staðnum.

- Hvað varðar ráðgjöf við 1% regluna segir Ingibjörg að það sé á ábyrgð stjórnarinnar að tryggja að faglega sé staðið að ferlinu við val á listskreytingu. Farið hafi meira fyrir þessu hlutverki í seinni tíð.
- Ingibjörg bendir á að það séu fordæmi fyrir því að aðilar sem huga að framkvæmdum fyrir hið opinbera hafi ekki farið eftir 1% reglunni. Einnig að mikilvægt sé að skilgreina í reglugerð minni háttar verkefni því samkvæmt reglugerð þurfa meiri háttar verkefni að fara í samkeppni.
- SÍM gerði samkeppnisreglur árið 1990 og hafa þær verið endurskoðaðar nokkrum sinnum. Ingibjörg er núverandi trúnaðarmaður SÍM, sem samkvæmt 7 gr: *annast samskipti milli verkkaupa, dómnefndar og þátttakenda. Trúnaðarmanni ber að gæta fyllsta hlutleysis og trúnaðar í öllum störfum sínum í samræmi við siðareglur SÍM.* SÍM er ekki með formlegt samkomulag um samkeppnisreglurnar við ríkið, borgina eða sveitarfélög
- Það er afstaða SÍM að opin eða lokuð samkeppni við val á listskreytingu sé réttlát og gagnsæ gagnvart öllum hlutaðeigendum. Þeim hugnast ekki hönnunarsamkeppnir þegar listamaðurinn er hluti af hönnunarteyminu, t.d. í nýbyggingu við Alþingisreit 2016 og Hús íslenskra fræða árið 2008.
- Ingibjörg telur að sveitarfélögin mættu stofna sambærilegan sjóð til að sinna listskreytingu.
- Vinna við umsýslu sjóðsins hefur verið mikil. Utanumhald við 1% regluna hefur verið þungt í vöfum, erfitt að fá upplýsingar og fylgja eftir verkefnum. Ingibjörg gat stundum ráðið sumarstarfsmenn í gagnavinnslu í gegnum úrræði hjá Vinnumálastofnun. Oft vantaði að bæta upplýsingaflæði milli sjóðsins og Framkvæmdasýslu Ríkiseigna. Ingibjörg hefur lagt til að það sé aðili innan Framkvæmdasýslunnar sem sjái um listkreytingar í framkvæmdum.
- Í nýju lögunum er stjórn sjóðsins gefin rýmri heimild til að standa að vali verkefna, 18 gr: *Stjórn listskreytingasjóðs er heimilt að eiga frumkvæði að gerð og uppsetningu listaverka.* Ingibjörg vekur athygli á að þetta er nýlunda. Í Svíþjóð er sambærilegur sjóður og sú stjórn fer á sýningar og vinnustofur í þeim tilgangi að kaupa verk. Einnig væri mögulegt að vera með lager af verkum og útdeila til stofnana eftir því sem umsóknir eru afgreiddar. Eins gæti stjórn ákveðið að ráða sýningarstjóra eða listamenn til að gera óáþreifanleg listaverk.
- Að lokum segir Ingibjörg að sjóðurinn sé gríðarlega mikilvægur fyrir myndlistarfólk og almenning í landinu, nauðsynlegt sé að hafa myndlistarfólk með í valferlinu og að valferlið þurfi að vera gagnsætt.
- Annað sem kom fram í óformlegu samtali var að mögulega væri hægt að láta Ríkisendurskoðun skoða hvort farið sé eftir 1% reglunni við opinberar nýbyggingar. Einnig var rætt hvort þurfi að fá fulltrúa SÍM í valnefnd þegar

 The linked image cannot be displayed. The file may have been moved, renamed, or deleted. Verify that the link points to the correct file and location.

haldin er hönnunarsamkeppni og listamaður er hluti af hönnunarteyminu frá upphafi.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi slitið 18:45.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 3. febrúar kl. 17:00